Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR KRÖYER
2026-11-25 12:38:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARÍA SVAVARSDÓTTIR
2026-11-25 13:07:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Malbikunarstöð Akureyrar
Geislagötu 9
Ísland

25. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3266

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 3. nóvember 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Malbikunarstöð Akureyrar, Akureyri þann 28. ágúst 2026. Þann 25. nóvember 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

4 frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
mgr. 3, gr. 62 í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Frávikið var skráð: 28. ágúst 2026 Rekstraraðila er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits Umhverfis- og orkustofnunar *Rekstraraðili hefur ekki skilað upplýsingum um olíuskiljur á svæðinu til stofnunarinnar.* *Umbeðnar upplýsingar bárust stofnuninni 5. október 2026.*	**Lokað · 5. október 2026**
Tillögur rekstraraðila:	Umbeðnar upplýsingar bárust stofnuninni 5. október 2026.	
gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Frávikið var skráð: 28. ágúst 2026 Öruggar mengunar- áreksturs- eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur olíugeyma	**Lokað · 28. ágúst 2026**

	Lífolía er geymd á svæðinu í bömbum ekki í lekabittu og án árekstrarvarna. *Búið var að fjarlægja alla bamba í eftirlitinu 28. ágúst 2026.*	
Tillögur rekstraraðila:	Búið var að fjarlægja alla bamba í eftirlitinu 28. ágúst 2026.	
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 28. ágúst 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í grein 3.8. Í skýrslu fyrir árið 2025 kom fram að NOX og ryk var ekki mælt.*	**Opið**
Tillögur rekstraraðila:	Rekstraraðili mun ráðast í endurbætur á stöðinni. Panta mælingar á losun NOx og ryks hjá viðurkenndum aðila og framkvæma mælingu. Endurskoða verklag fyrir árlegar mælingar og skilgreina viðbrögð ef bilanir raska áætluðum mælingum. Nýjar mælingar verða framkvæmdar og skýrslu skilað til stofnunarinnar eigi að síður en 1. september 2027	
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 28. ágúst 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi *Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki árlega en oftar ef vafi leikur á að kröfur í grein 3.11 séu uppfylltar. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Engum niðurstöðum úr mælingum á olíu í fráveituvatni hefur verið skilað til stofnunarinnar.* *Niðurstöður mælinga úr fráveituvatni bárust stofnuninni 5. október 2026.*	**Lokað · 5. október 2026**
Tillögur rekstraraðila:	Niðurstöður mælinga bárust stofnuninni 5. október 2025	

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer
Sérfræðingur í teymi eftirlits

María Svavarsdóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits